

Þriðjudaginn 8. júní 1982.

Nr. 29/1980. **Kolbeinn Gunnarsson**  
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)  
 gegn  
**Kolbrúnu Svavarsdóttur**  
 og gagnsök  
 (Skúli Pálsson hrl.).

Bifreiðakaup. Gallar. Sýkna.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1978. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða hóm málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1980. Hún krefst þess, að sér verði tildæmdar úr hendi aðaláfrýjanda 8.232.72 krónur auk 19% ársvaxta frá 19. mars 1979 til 31. maí s. á., 22% ársvaxta frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 30. nóvember s. á., 31% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1980 og 35% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi byggir dómkröfur sínar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti gagngert á því, að aðaláfrýjandi hafi, er hann seldi bifreið þá, sem málið fjallar um, beitt vísvitandi blekkingum. Hafi hann talið vél bifreiðarinnar mun minna notaða en í ljós hafi komið. Með því hafi hann valdið henni því tjóni, sem stefnukröfunni nemi. Í héraðsdómsstefnu segir m. a. svo: „Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að stefndi hafi með vísvitandi blekkingum valdið henni því tjóni, sem stefnukröfurnar nema, þegar hann fullyrti, að vél bifreiðarinnar væri nýuppgerð.“

Ósannað er, að aðaláfrýjandi hafi, er kaupin voru gerð, sagt gagnáfrýjanda eða umboðsmanni hennar, að vél bifreiðarinnar væri nýuppgerð eða að vélin væri uppgerð og aðeins notuð til 40—60 þúsund kílómetra aksturs bifreiðarinnar eftir það. Ekki er heldur sannað, að aðaláfrýjandi hafi við kaupin hagað orðum sínum að öðru leyti með þeim hætti, að gagnáfrýjandi mætti treysta því, að vélin væri lítið slitin.

Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 5.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Kolbeinn Gunnarsson, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Kolbrúnar Svavarsdóttur.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 5.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 5. desember 1979.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. f. m., hefur Kolbrún Svavarsdóttir, Fossheiði 46, Selfossi, (lögm. Skúli Pálsson hrl.), höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 23. júlí 1979, á hendur Kolbeini Gunnarssyni, Víðihvammi 1, Hafnarfirði (áður Hjalla-braut 25) (lögm. Pétur Kjerúlf hdl.).

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 823.272 auk 19% ársvaxta frá 9. mars 1979 til 1. júní s. á., en 22% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags, kr. 60.000 í matskostnað auk 22% ársvaxta frá 1. júní 1979 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst stefnandi annarrar og lægri fjárhæðar auk vaxta og málskostnaðar, þ. á m. matskostnaðar.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda máls þessa og henni gert að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins, en til

vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar allverulega og málskostnaður falli niður.

## II.

Með afsali, dagsettu 25. júlí 1978, seldi stefndi Kolbeinn stefnanda Kolbrúnu fólksbifreiðina, Mercedes Bens 220 D, árgerð 1968. Bifreið þessi er með dieselvél. Í febrúar 1979 lét stefnandi endurbyggja vél bifreiðarinnar. Vélvirki sá, sem viðgerðina annaðist, hefur fyrir dóminum borið, að vél bifreiðarinnar hafi þá verið mjög slitin, og dómkvaddir matsmenn, sem eftir viðgerðina skoðuðu þá vélarhuta, sem úr höfðu verið teknir, töldu umrædda vélarhluta vera úr vél, sem hefði verið mikið slitin, jafnvel ógangfær. Höfuðstóll stefnukröfu er kostnaður stefnanda vegna endurbyggingar á vélinni samkvæmt framlögðum reikningum frá verkstæðinu, er viðgerðina framkvæmdi. Samkvæmt þeim reikningum hefur vélin verið algerlega endurbyggð, m. a. skipt um sveifaráslegur og renndur sveifarás, skipt um stimpla og hringi og blokkinn boruð út, skipt um knastás, undirlyftur og ventla o. s. frv.

## III.

Sem fyrr segir, var umrædd bifreið 10 ára gömul við söluna. Upplýst er, að vél hennar hafði áður verið endurbyggð, árið 1972. Eftir þá endurbyggingu vélarinnar hafði bifreiðin verið notuð sem leigubifreið í 4 ár, eða þar til stefndi Kolbeinn keypti hana. Stefndi Kolbeinn, sem er fiskmatsmaður, hafði síðan notað hana sem einkabifreið og til þess að aka í frystihúsin á Suðurnesjum og telur sig hafa ekið 20—30 þús. km á ári. Óumdeilt er, að vélar sem þessi endast að meðaltali um 250 þús. km (frá 150 þús. og upp í 500 þús.) og að ekki munar miklu á endingartíma nýrrar vélar og endurbyggðar.

## IV.

Þegar kaup málsaðilja um bifreiðina fóru fram, var eiginmaður stefnanda Kolbrúnar, Heiðar Jónsson, lögreglumaður á Selfossi, með henni sem ráðgjafi hennar og umboðsmaður. Ágreiningur er um, hvaða lýsingu seljandi hafi gefið kaupanda á vél bifreiðarinnar við kaupin. Óumdeilt er þó, að seljandinn, stefndi Kolbeinn, sagði frá því, að bíllinn hefði verið leigubíll, áður en hann eignaðist hann.

Stefndi Kolbeinn kvaðst hafa sagt kaupandanum, þ. e. umboðsmanni hennar Heiðari, að hann „hefði átt bifreiðina í tvö ár og vélin hefði verið tekinn upp fyrir þann tíma.“ Einnig kvaðst hann

hafa látið þess getið, að hann sjálfur hefði ekið bifreiðinni 40—60 þús. km þann tíma, sem hann átti hana.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi við kaupin látið þess getið, „að vélin í bifreiðinni væri uppgerð og ekin í mesta lagi 40—60 þús. km“, eins og þetta er orðað í stefnu. Um þetta atriði fórust þeim Kolbeini og Heiðari svo orð við sampröfun fyrir dómi:

Kolbeinn: „Þetta bar brátt að. Við skoðuðum bílinn, og þeir voru búnir að segja honum, að þetta væri búinn að vera einkabíll s.l. tvö ár, á bílasölunni, að mér skildist. Hann spyr að því, hvort vélin væri uppgerð, og ég sagði já, það hefði verið gert áður en ég átti bílinn, en ég hafði keyrt bílinn 40—60 þúsund þessi tvö ár.“

Dómari: „Heiðar, segðu okkur, hvað þú manst, hvað Kolbeinn sagði við þig.“

Heiðar: „Já, þegar við kíktum ofan í vélasalinn, þarna á bílnum, þá spyr ég hann að því, hvort vélin væri upptekin, og hann kvað svo vera og að vélin hefði verið keyrð 40—60 þúsund kílómetra.“

Dómari: „Kolbeinn. Að vélin hafi verið keyrð 40—60 þúsund kílómetra, getur verið, að þú hafir orðað þetta svona?“

Kolbeinn: „Ég hef skýrt honum frá, að vélin hefði verið tekin upp, áður en ég átti bílinn.“

Dómari: „Heiðar, Getur verið, að Kolbeinn hafi tekið fram, að hún hafi verið gerð upp, áður en hann eignaðist bílinn?“

Heiðar: „Nei, sko, mér skildist, að hann hefði látið taka upp vélina og þetta væri búíð að keyra hann síðan þetta væri tekið upp. Það kom alveg hreint fram.“

Samstarfsmaður stefnda Kolbeins, Sæmundur Jóhannesson fiskmatsmaður, ók Kolbeini á bílasöluna og frá henni, þegar kaupin fóru fram. Hann svaraði, þegar hann var við vitnaleiðslu spurður, hvort hann hefði verið viðstaddur, þegar kaupin fóru fram, og hvort hann myndi eftir orðaskiptum:

„Ég var ekki við fyrst, ég var að skoða aðra bíla á sölunni, en svo rámar mig í það, að við skoðuðum vélina, þó þarf það ekki að vera, og þá var Kolbeinn að tala um það, að vélin hefði verið upptekin, áður en hann átti bílinn.“

Dómari: „Manstu nánar, hvernig hann orðaði þetta, hvort hann orðaði þetta svo, að það væri búið að skipta um vél í bílnum, þetta væri ekki fyrsta vélin, eða hvort hann orðaði þetta svo, að vélin væri upptekin og keyrð einhverja tiltekna kílómetra.“

Vitnið: „Hann talaði um, að vélin væri upptekin, ég man ekki kílómetratöluna.“

Dómari: „Talaði hann um það, hvenær hún hefði verið upptekin?“

Vitnið: „Áður en hann átti bílinn.“

Dómari: „Heldurðu að þú sért viss um, að þú munir þetta?“

Vitnið: „Ég er alveg viss um það. Ég keyrði Kolbeini á staðinn, ég fjarlægði útvarpið úr Bensanum eftir þetta.“

Nágranni stefnanda, Sigurjón Þórðarson, Fossheiði 18, Selfossi, kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvaðst hafa verið staddur þarna á bílasölunni, verið að koma með sinn bíl, sem hann skildi eftir, og síðan fegið far með stefnanda austur á Selfoss. Spurður um, hvort hann hefði verið viðstaddur, er viðskipti málsaðilja fóru fram, svaraði hann:

„Það var litið þarna undir vélarhlífina, og Heiðar spurði, hvort vélin væri uppgerð, og hinn sagði svo vera.“

Af gefnu tilefni tók vitnið fram, að seljandinn hefði ekki sagt, að vélin væri nýuppgerð.

Spurður um orðaskipti að öðru leyti sagði vitnið, að seljandinn hefði sagt, að vélin væri uppgerð og ekin 40—60 þúsund. Spurður, hvort hann væri alveg viss um að muna þessi orðaskipti nákvæmlega, sagðist hann ekki vera það, en sagðist hafa skilið þetta svo, að seljandinn ætti við, að bíllinn vær ekinn 40—60 þús. á vél, en ekki að einvörðungu að seljandinn hefði ekið bílnum 40—60 þús., meðan hann var í eigu hans.

Er vitnið Sævar Pálsson, sölumaður á Borgarbílasölunni, kom fyrir dóminn, kvaðst hann muna eftir þessum bíl, en minntist þess ekki að hafa fengið frá seljandanum neinar upplýsingar um vélina eða veitt kaupandanum eða umboðsmanni hans neinar upplýsingar um hana. Hann kannaðist ekki við að hafa heyrt þá Kolbein og Heiðar ræða neitt saman um vélina.

## V.

Stefndi Kolbeinn kvað bíllinn ekki hafa brennt mikilli smurolúu, meðan hann átti hann. Hann hafi ekki reykt mikið miðað við bíla af sömu gerð. Spurður um gangsetningarerfiðleika sagði hann:

„Bíllinn fór alltaf í gang þennan vetur, engin vandamál með

það.“ Fram kom, að í bílnum var rafmagnshitari á kælivatnið auk venjulegs glóðarkertis til að hita olíuúðann.

Heiðar kvað bílinn hafa reykt svolítið, alveg frá byrjun. Hann kvaðst ekki hafa átt dieselbíl áður, hins vegar hafi faðir sinn átt Land-Rover diseljeppa, sem hann kvaðst stundum hafa fengið lánaðan fyrr á árum. Við yfirheyrslu var m. a. bókað eftir Heiðari:

„Mætti segir spurður um, með hvaða hætti bilun á vélinni hafi komið fram, að þegar fór að kólna í veðri, þá hafi hún verið þung í gang. Hann segist hafa fengið þær upplýsingar hjá vinnufélögum sínum og öðrum, sem þóttust hafa vit á, að það væri algengt, að vélar af þessari gerð væru þungar í gang í frostum, og því eigi frekar að gert, en eftir áramótin segist hann hafa farið með bílinn á H.P.H. verkstæðið, til þess að láta stilla hana. Þeir hafi þjoppumælt hann og sagt, að þetta væri ekki normalt, hvað hann þjappaði lítið, þá hafi verið farið í að taka heddið ofan af honum og þá hafi þetta komið í ljós, hvað hann var mikið slitinn.

Ég var viðstaddur þegar þeir tóku ofan af honum, og okkur kom saman um að gera við heddið, hvað og var gert og það sett á. Ég tók síðan bílinn og fór á honum austur, þá var hann ómögulegur á eftir, hætti að fara í gang. Mig minnir, að ég hafi haft samband við Kolbein og sagt honum, hvernig komið væri með vélina, og spurði hann, hvort hann vildi taka einhvern þátt í kostnaðinum, en hann neitaði því alfarið.

Mætti segist síðan hafa farið með vélina aftur á H.P.H. verkstæðið og látið gera hana upp, svo sem reikningarnir á dskj. nr. 4 bera með sér.

Aðspurður segir mætti, að það hafi verið eingöngu gangsetningin, sem honum fannst athugaverð og hann setti fyrir sig, áður en vélin var gerð upp, en eftir viðgerðina segist hann hafa fundið mjög mikinn mun á því, hvað vélin vann betur. Hann segir, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir neinum aukahljóðum né hávaða í vél, það hafi ekki soðið á bílnum né hann hitað sig tiltakanlega mikið eða smurt sig illa fyrir viðgerðina. Hann segir þó, að smurþrýstingurinn hafi verið hærri eftir viðgerðina en áður. . .“

„Hann segir, að þau hjónin eigi bílinn ennþá og hafi jafnan bæði ekið honum eða notað hann. Hann segir, að þau hjónin hafi einvörðungu notað bifreiðina sem einkabíl, frá því að kaupin fóru fram og þar til bilun sú, sem mál þetta snýst um, kom fram. Þau hafi notað bifreiðina til að aka að og frá vinnustað á Selfossi,

svo hafi þau farið ca hálfsmánaðarlega til Reykjavíkur á honum. Það lengsta, sem þau hafi farið á þessu tímabili, hafi verið upp á Akranes.

Hann segist ekki geta sagt um það alveg nákvæmlega, hvað þau hafi ekið bílnum marga kílómetra á þessum tíma, en kílómetramælirinn hafi ekki talið, en miðað við akstur á bíl, sem þau áttu áður, þá giskar hann á, að þau hafi ekið 8—10 þús. km á þessu tímabili.

Mætti segist hafa vitað, að bíllinn var leigubíll, áður en seljandinn eignaðist hann, þeir á bílasölunni hafi látið þess getið, en jafnframt sagt, að þetta hefði verið einkabíll s.l. þrjú ár.“

Eftir vitninu Harald G. Hermann vélvirkja var m. a. bókað:

„Hann segir, að Heiðar hafi komið með bifreiðina til sín, vegna þess að hún hafi ekki farið í gang, þá hafi hann þjöppumælt hana og þeim hafi þá komið saman um að taka heddið af og sjá, hvernig ástand vélarinnar væri. Þá hafi komið í ljós, að ventlar voru komnir ofarlega í heddið og mjög mikil brún. „Þá varaði ég hann við því, að vélin mundi brenna, ef ég mundi taka ventlana í gegn. Hann bar við auraleysi.“ Það hafi komið á daginn, eftir að heddið var tekið í gegn, þá hafi olían hreinlega ekki tollað á vélinni, spýst upp um kvarðagat vegna slits og óþéttleika á stimplum. Bílaeigandinn hafi síðan komið aftur og þá verið búinn að útvega peninga og þá hafi vélin verið tekin upp.

Mætti segir, að eftir endurbyggingu þá, sem fram fór 1972, sbr. dskj. nr. 14, hafi vélin átt að endast í kringum 250 þús. km. Miðað við slit það, er var á vélinni í seinna sinnið, þá giskar hann á, að hún hafi verið búin að snúast um 250 þús. km. Hann tekur þó fram, að hann hafi tekið vélar, sem ekki hafi dugað svo lengi. Hann segist muna eftir einum leigubíl á Bæjarleiðum, sem hafi hætt að fara í gang eftir um 120 þús. km akstur, frá því hann var nýr. Hann sagðist hafa tekið þá vél upp, keyrða 150 þús. km, hún hafi ekki verið eins slæm á ventlunum eins og vélin í bíl Heiðars, en óhemju mikil brún í cylindrum.

Spurður um það, hvort hann telji, að það geti skipt mjög miklu máli um slit vélarinnar, að bíllinn var notaður veturinn '78—'79, fram til þess að viðgerðin fór fram, sem einkabíll, segir vitnið, að svona vélar fari óhjákvæmilega verst á snattinu.

Vitnið segist muna eftir matsfundinum með aðilum máls þessa og matsmönnum Finnþoga og Bent. Hann telur sig fullvissan um, að það hafi verið varahlutirnir, sem teknir voru úr bifreið-

inni, sem skoðaðir voru á matsfundinum, Hann segir, að Heiðar hafi farið með varastykkinn í kassa austur og komið með þau aftur á matsfundinn, að vitnið telur í sama kassanum.

Hann segir, að þegar Heiðar fór með varahlutina eftir viðgerðina, hafi hann beðið sig að hafa þetta í huga. „Hann sagðist ætla að fara með þetta lengra, og þess vegna setti ég þetta sérstaklega á mig.“

Vitnið segir, að bíleigandinn hafi sagt sér, að vélin væri lítið keyrð, a. m. k. staðið í þeirri trú og talið sig hafa þær upplýsingar frá fyrri eiganda, að vélin væri keyrð kannski svona í kringum 50 þúsund.

Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda segir vitnið, að þetta hafi virst eðlilegt slit á vélinni, miðað við mikla notkun, og telur, að ekkert hafi bent til þess, að vélin hafi orðið fyrir sérstökum áföllum eða slysum.

Að gefnu tilefni frá dómáranum yfirfer vitnið sérstaklega reikninga á dskj. nr. 4 og segir, að þetta séu reikningar fyrir venjulega endurbyggingu á mótor af þessari gerð. Fjárhæðin kr. 823.772 sé ekki óeðlilega há. Vitnið bætir við: „Þetta er komið yfir milljón núna. Fjórir síðustu bílar, sem ég hef tekið, fóru yfir milljón.“ “

## VI.

Það er ósannað, að stefndi hafi við kaupin sagt stefnanda eða umboðsmanni hennar, að vél bifreiðarinnar væri „uppgerð og ekin aðeins 40—60 þús. km“, eða hagað orðum sínum að öðru leyti á þann veg, að stefnandi mætti treysta því, að svo væri. Á hinn bóginn er það viðurkennt af stefnda, að hann hafi sagt stefnanda, að hann „hefði átt bifreiðina í tvö ár og að vélin hefði verið tekin upp fyrir þann tíma.“ Stefndi mátti ætla, að þetta orðalag veki hjá stefnanda traust á því, að vél bifreiðarinnar væri ekki útslitin. Svo reyndist hins vegar vera, það þykir upplýst í málinu, að vélin var svo mikið notuð við söluna, að aðeins var tímaspursmál, hvenær hún yrði ónothæf.

Það verður því niðurstaða dómsins, að stefnda ber með vísan til 42. gr. laga nr. 22/1939 að greiða stefnanda féggjald, er telst hæfilega ákveðið kr. 400.000, með vöxtum, er miðist við þá upphafslega og vaxtaþrósentu, er krafist er, og málskostnað, er ákveðst kr. 220.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt með-dómsmönnum Haraldri Árnasyni vélaverkfræðingi og Þór Magnússyni vélstjóra.

## Dómsorð:

**Stefndi**, Kolbeinn Gunnarsson, greiði stefnanda, Kolbrúnu Svavarsdóttur, kr. 400.000 með 19% ársvöxtum frá 9. mars 1979 til 1. júní s. á., en 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 220.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 10. júní 1982.

Nr. 228/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Jóni Birni Ásgeirssyni**

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Íkveikja. Almannahætta. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 23. september 1981, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Ágrip málsins barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Af hendi ákærvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst aðallega sýknu, en til vara, að ákærða verði aðeins dæmd refsing samkvæmt 167. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til þrautavara samkvæmt 164. gr., 1. mgr., sömu laga, enda verði refsing skilorðsbundin. Þá er krafist frávísunar á fóbótakröfu.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Ákærði starfaði um hríð í Hraðfrystihúsi Stokkseyrar og þekkti vel til aðstæðna þar. Í héraðsdómi er lýst aðdragand-